
Fundargerð



ÍSLENSKI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

Ársfundur Íslenska lífeyrissjóðsins, haldinn þann 28. apríl 2017,
kl. 17:00 í aðalútibúi Landsbankans, Austurstræti 11, 155
Reykjavík.

Atli Atlason, formaður stjórnar sjóðsins, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann tilnefndi Hallmund Albertsson, hdl. í starf fundarstjóra og var það samþykkt án athugasemda. Hallmundur tók við stjórn fundarins, þakkaði traustið og tilnefndi Pálma Rögnvaldsson, starfsmann Landsbankans, sem fundarritara og var það samþykkt án athugasemda.

Fundarstjóri athugaði næst lögmæti fundarins. Samkvæmt samþykktum sjóðsins, sbr. gr. 6.1., skal stjórn boða til ársfundar með sannanlegum hætti með þriggja vikna fyrirvara. Fundurinn var auglýstur í Fréttablaðinu 6. apríl 2017 og á vef Íslenska lífeyrissjóðsins sama dag. Fundarstjóri lýsti því yfir að um eðlilega og lögmæta boðun væri að ræða, engar athugasemdir komu úr sal og lýsti fundarstjóri fundinn löglegan.

Var nú gengið til formlegrar dagskrár í samræmi við 6. gr. samþykkta. Fundarstjóri lagði til að farið yrði yfir fyrstu fjóra dagskrárliði fundarins áður en opnað yrði fyrir mælendaskrá, engar athugasemdir voru gerðar og var það samþykkt.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning á ársreikningi
3. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins
4. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun
5. Kosning aðal- og varamanna í stjórn
6. Kosning endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur mál

1. Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri gaf Atla Atlasyni, formanni stjórnar, orðið og flutti hann skýrslu stjórnar. Hann bauð sjóðfélaga velkomna og þakkaði þeim fyrir að mæta á fundinn.

Fram kom í máli formanns að rekstur Íslenska lífeyrissjóðsins hefði gengið vel á liðnum árum. Ávöxtun hefði verið góð, sjóðfélögum fjölgað jafnt og þétt og tryggingafræðileg staða samtryggingadeildar verið í góðu jafnvægi. Ávöxtun eigna sjóðsins á árinu 2016 hefði verið góð miðað við aðstæður á mörkuðum. Þannig hefði nafnávöxtun deilda Íslenska lífeyrissjóðsins árið 2016 verið á bilinu 1,0-6,1% en verðbólga á tímabilinu nam 2,1%. Hrein raunávöxtun sjóðsins árið 2016 hefði verið 0,95% en meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. fimm ár væri 4,44%. Hrein eign til greiðslu lífeyris hefði verið 61.185,1 millj. kr., í lok árs 2016 og hafði vaxið um 6.069,0 millj. kr. sem væri um 11,0% vöxtur á árinu.

Í ræðu sinni vék formaður að því að það væri markmið stjórnar að tryggja hagkvæman og öruggan rekstur lífeyrissjóðsins, að tryggja góða ávöxtun eigna sjóðsins og skila sjóðfélögum góðum lífeyrisréttindum. Íslenski lífeyrissjóðurinn hefði sett sér áhættustefnu þar sem fram kæmi hvernig mæla ætti helstu áhættuþætti sem snerta rekstur sjóðsins. Áhættustefnan geri ráð fyrir að fylgst sé með breytingum á áhættu sjóðsins með reglubundnum hætti. Að mati stjórnar væri áhættustýring og innra eftirlit lykilþættir í rekstri lífeyrissjóðsins, enda mikilvægt að starfsmenn og aðrir sem að rekstri sjóðsins kæmu væru meðvitaðir um áhættur og regluverk sem snéri að rekstri sjóðsins.

Fram kom í máli formanns að samkvæmt útreikningum tryggingastærðfræðings sjóðsins væru heildareignir samtryggingadeildar 0,1% hærri en heildarskuldbindingar. Í lok árs 2015 voru eignir 3% hærri en skuldbindingar. Breytinguna mætti fyrst og fremst rekja til breytinga á lífslíkum sjóðfélaga. Samkvæmt framansögðu væru eignir og skuldbindingar samtryggingadeildar í jafnvægi og engar breytingar eru fyrirhugaðar á réttindum sjóðfélaga.

Formaður benti á að stjórn sjóðsins legði áherslu á góða stjórnarhætti við daglega stjórnun og rekstur sjóðsins. Stjórnin hefði sett sjóðnum starfs- og siðareglur sem mæltu fyrir um almennar skyldur stjórnar, starfsmanna sem og annarra aðila sem störfuðu fyrir hönd sjóðsins. Bæri öllum að hafa það að markmiði að stuðla að heiðarleika, réttssýni og sanngirni í viðskiptum og efla traust sjóðfélaga og almennings á sjóðnum.

Fram kom í máli formanns að enginn starfsmaður væri hjá Íslenska lífeyrissjóðnum, en samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og Landsbankans sæi bankinn um rekstur sjóðsins. Stjórnin hefði haldið 11 formliga stjórnarfundum á liðnu starfsári auk ársfundar sem haldinn var í maí. Samkvæmt samþykktum Íslenska lífeyrissjóðsins væri stjórn sjóðsins skipuð fimm einstaklingum, fjórum kosnum af sjóðfélögum og einum skipuðum af bankaráði Landsbankans. Í varastjórn væru þrír einstaklingar. Tveir kosnir af sjóðfélögum og einn skipaður af Landsbankanum.

Formaður upplýsti að í lok ársfundar 2016 hefðu aðalmenn í stjórn sjóðsins verið Atli Atlason, Snorri Ómarsson, Þórir Óskarsson, Erla Ósk Ásgeirsdóttir og Una Eypórsdóttir. Varamenn voru Þorsteinn Fr. Sigurðsson, Guðríður Sigurðardóttir og Valur Ægisson. Fram kom að á þessum ársfundi yrði sinni verður kosið um tvo aðalmenn og einn varamann. Í framboði til aðalmanns væru Atli Atlason og Þórir Óskarsson sem báðir ættu sæti í stjórn sjóðsins. Framboðsfrestur aðalmanna væri ein vika fyrir ársfund og þar sem ekki hefðu borist fleiri framboð væri sjálfkjörið í aðalstjórn sjóðsins.

Fram kom í máli formanns að fulltrúar Landsbankans væru að jafnaði skipaðir til tveggja ára í senn. Skipunartími þeirra rynnir út á þessum fundi en Landsbankinn hefði ákveðið að endurskipa sömu stjórnarmenn en það væru þær Una Eypórsdóttur sem yrði áfram aðalmaður og Guðríður Sigurðardóttur sem yrði varamaður.

Formaður vék að því að á síðasta ársfundi hefðu stjórnarlaun hækkuð úr 76 þúsund kr. á mánuði í 86 þúsund kr. í takt við launavísitölu. Stjórn sjóðsins teldi eðlilegt að stjórnarlaun hækki almennt samhliða þróun launavísitölu og legði því til að stjórnarlaun yrðu hækkuð úr 86 þúsund krónum í 90 þúsund þúsund krónur á mánuði í takt við almenna launaþróun eða um 5%.

Fram kom að sérstök endurskoðunarnefnd starfaði hjá sjóðnum og væri hún skipuð tveimur stjórnarmönnum og einum sjóðfélaga. Hlutverk endurskoðunarnefndar væri m.a. að sinna eftirliti með endurskoðun ársreiknings sjóðsins og eftirliti með vinnuferlum við gerð reikningsskila og skilaði nefndin skýrslu um sín verkefni til stjórnar. Fundir endurskoðunarnefndar hefðu verið 9 talsins vegna starfsársins 2016. Nefndina skipuðu Þórir Óskarsson, Þorsteinn Fr. Sigurðsson og Ólafur Örn Ingólfsson og væri Þórir formaður nefndarinnar.

Fram kom í máli formanns að samkvæmt rekstrar- samningi við Landsbankann greiddi sjóðurinn umsýsluþóknun til bankans sem næmi 0,28% af meðalstöðu hreinnar eignar yfir árið. Því til viðbótar reiknaðist árangurstengd þóknun ef ávöxtun eigna sjóðsins færi umfram þær viðmiðunarvísitölur sem fjárfestingastefna sjóðsins tæki mið af. Umsýslu- þóknun skiptist á milli fjárfestingagjalda og rekstr- arkostnaðar sjóðsins. Á árinu greiddi sjóðurinn 226 milljónir króna í fasta og árangurstengda þóknun til Landsbankans vegna reksturs sjóðsins.

Formaður vék því næst að fjárfestingastarfsemi lífeyrissjóða. Þar sýndist sitt hverjum. Fjárfest- ingaumhverfið hefði tekið miklum breytingum á undanförunum árum. Eftir efnahagshrunið í október 2008 hefðu verið sett á gjaldeyrishöft sem hefðu nú verið afnumin. Þessar miklu breytingar kölluðu á að lífeyrissjóðir eins og aðrir fjárfestar hefðu þurft að aðlaga sig að þessum breytingum. Nú lægi fyrir að gjaldeyrishöft hefðu verið afnumin en það kallaði á stefnumörkun af hálfu sjóðsins en í því fælist að endurskoða þyrfti fjárfestingarstefnuna og taka til skoðunar hvort og þá með hvaða hætti sjóðurinn fjárfestir erlendis. Í dag væri hlutfall erlendra eigna hjá sjóðnum lægra en almennt gerðist hjá lífeyris- sjóðum.

Fram kom í máli formanns að stjórn sjóðsins væri sífellt með fjárfestingarstefnu sjóðsins til skoðunar. Í því samhengi mætti nefna að margir lífeyrissjóðir byðu sínum sjóðfélögum upp á sjóðfélagalán. Það hefði verið skoðað sem hluti af fjárfestingarstefnu

samtryggingardeildar af hálfu stjórnar en enn sem komið væri teldi stjórn það ekki raunhæfan kost, sér í lagi þegar tekið væri mið af þeim umsýslukostnaði sem því myndi fylgja auk þess sem eftirspurn sjóð- félaga eftir slíku hefur verið takmörkuð.

Formaður kom inn á að lífeyrissjóðirnir hefðu verið mikið í samfélagsumræðunni á liðnum árum og misserum. Sitt sýndist hverjum þegar kæmi að málefnum lífeyrissjóðanna. Sjóðirnir hefðu marga snertifleti í samfélaginu, þeir væru mikilvægar stofnanir sem greiddu lífeyri eftir starfslok og í kjölfar áfalla, þeir væru stórir fjárfestar á Íslandi og skiptu almennt miklu máli í samfélaginu. Það væri því mikilvægt að öll umræða væri sanngjörn og yfirveguð, byggi á þekkingu og staðreyndum.

Formaður vék að samkomulagi aðila vinnumarkað- arins (SALEK samkomulagið). Í því fælust talsverðar breytingar á lífeyrissjóðakerfi landsmanna en þar væri m.a. kveðið á um hækkun iðgjalds í lífeyris- sjóði á almennum vinnumarkaði úr 12% í 15,5% á næstu árum. Endanleg útfærsla um ráðstöfun iðgjaldsins til séreignar eða samtryggingar lægi ekki fyrir en mikilvægt væri að við útfærslu á hækkuðu iðgjaldi yrði umhverfi séreignarsjóðanna ekki raskað enda ríkti almenn ánægja með það fyrirkomulag sem þeir byðu upp á í lífeyrissparnaði.

Að lokum þakkaði formaður þeim sem hefðu starfað með stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóra, sjóðstjóra og öðrum fyrir vel unnin störf í þágu hans. Sem og öðrum stjórnarmönnum sjóðsins.

2. Kynning á ársreikningi

Fundarstjóri gaf því næst Ólafi Páli Gunnarssyni, framkvæmdastjóra sjóðsins, orðið og gerði hann grein fyrir ársreikningi Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir árið 2016. Ólafur sagði að ársreikningurinn hefði verið áritaður af óháðum endurskoðanda þann 6. apríl 2017. Fram kom í máli Ólafs að hrein eign í lok árs 2016 var 61 sbr. Við 51.. hækkar um 11% milli ára. Fram kom að hrein eign sjóðsins hefði hækkað um 64% frá árinu 2012 en á sama tímabili hefði lífeyrissjóðakerfið í heild sinni stækkað um 44%. Sjóðurinn hefði því stækkað umfram kerfið þrátt fyrir mikið útstreymi vegna sérstakrar útgreiðslu og greiðslu inn á lán.

Fram kom í máli Ólafs að rekstrarkostnaður hefði farið lækkandi hjá sjóðnum. Nýr rekstrarsamningur 2013 sem hafði m.a. í för með sér lækkaða þóknun. Fram kom að vöxtur deilda hefði verið mjög jafn á síðasta ári. Þá hefði sjóðfélögum fjölgað um 2000 en greiðslur inn á lán vega þungt og hamla frekari vexti eins og er.

Framkvæmdastjóri fór yfir eignir sjóðsins, sjóð- streymi sjóðsins, skýringar í ársreikningi sjóðsins og vöxt deilda. Að lokum fór framkvæmdastjóri yfir sögulega raunávöxtun deilda og skiptingu eigna eftir gjaldmiðlum.

3. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins

Halldór Kristinsson, sjóðstjóri sjóðsins, gerði þessu næst grein fyrir fjárfestingarstefnu Íslenska lífeyrissjóðsins á árinu 2017. Fjárfestingarstefna ársins 2017 var samþykkt af stjórn sjóðsins í nóvember 2016. Stefnan væri mótuð út frá stöðu sjóðsins, aldri sjóðfélaga, markmiðum og áhættuþoli. Fram kom að litlar breytingar hefðu verið gerðar á fjárfestingarstefnu frá fyrra ári. Helstu breytingar sem gerðar voru á fjárfestingarstefnunni á milli ára voru að hlutfall innlendra og erlendra skráðra hlutabréfa var hækkað, hlutfall innlendra framtakssjóða var hækkað lítillega, hlutfall skuldabréfa var lækkað og hlutfall skuldabréfa útgefnum af fjármálastofnunum var hækkað á kostnað ríkisskuldabréfa. Við móttun fjárfestingarstefnunnar hefði verið horft til þeirra eignaflokka sem sjóðurinn gæti fjárfest í, væntrar ávöxtunar þeirra og áhættu. Fram kom að stóran hluta eigna sjóðsins gætu sjóðfélagar flutt á milli ávöxtunarleiða og til annarra vörsluaðila. Því væri mikilvægt að stórt hlutfall sjóðsins væri í seljanlegum eignum.

Við gerðum breytingar, hækkuðum hlutfall skuldabréfa fjármálastofnana, sértryggðra skuldabréfa, og

lækkuðum á móti skuldabréf með ábyrgð ríkisins, lækkuðum hlutfall innlendra og hækkuðum hlutfall erlendra hlutabréfa og má vænta stærri skrefa í því við móttun stefnu 2018. Svona lítur stefnan út, líf 1-4, hvernig áhættan minnkar eftir því sem færast frá 1-4. 4 er 100% skuldabréfaleið, líf 2 og samtrygging eru sambærileg. Áhættusamsetning nokkuð myndrænt og hvernig hún skiptist milli hlutabréfa og skuldabréfa, líf 1 áhættumest og hentar best yngri sjóðfélögum. Hér er samsetning skuldabréfasöfnum sjóðsins, meirihluti skuldabréfa er með ábyrgð ríkisins.

Að lokum fór sjóðstjóri yfir þróun markaða á Íslandi og erlendis á árinu 2016. Fram kom að stýrivextir hefðu lækkað um 0,75% á árinu, verðbólga verið mjög lág og undir markmiði SÍ. Markaðir hefðu lækkað samhliða lágri verðbólgu. Styrking krónunnar hefði haft mikil áhrif en á móti styrkingunni kom hækkan á húsnæðisverði. Skuldabréfavísitala hefði hækkað um 6,55% og þar af óverðtrygð hlutinn um rúm 10%. Fram kom að erlendi markaðurinn hefði verið tvískiptur. Bandaríkin og nýmarkaðir sterkir en tiltöluleg lítil hækkan í Evrópu og Japan.

4. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun

Bjarni Guðmundsson, tryggingarstærðfræðingur sjóðsins, gerði því næst grein fyrir tryggingafræðilegri athugun sjóðsins á samtryggingardeild sjóðsins á árinu 2016 og forsendum hennar. Fram kom að athugunin væri samanburður á eignum lífeyrissjóðsins og verðmæti iðgjalda við skuldbindingar sjóðsins til lífeyris. Skuldbindingar væru háðar óvissum atburðum tengdum lífi og heilsu sjóðfélaga og mat þeirra kallaði því á sérhæfða útreikninga. Lífeyrisjóðir hefðu almennt engan ábyrgðaraðila. Af því leiddi að ef eignir væru lægri en skuldbindingar þyrfti að lækka áunnin réttindi eða hækka iðgjöld.

Fram kom að tryggingafræðileg heildarstaða sjóðsins í árslok 2016, þ.e. eignir umfram skuldbindingar, væri 18,6 milljónir eða 0,1%. Staðan hefði versnað lítillega frá fyrra ári þegar hún var jákvæð um 665,9 milljónir eða 3,0%. Áunnin staða í árslok 2016 var 2,8% eða 318,9 milljónir. og hefði batnað úr -0,1%. Þá hefði framtíðarstaða farið úr -0,5% og í -1,8%

Umræður og fyrirspurnir

Fundarstjóri þakkaði Atla, Ólafi Páli, Halldóri og Bjarna fyrir greinargóð erindi og opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir vegna dagskrárliða nr. 1 til 4. Engar spurningar voru bornar upp. Fundarstjóri bar því næst ársreikning ársins 2016 fram til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

Óskar Garðarsson bað um orðið og sagðist vera tvær spurningar. Fyrst var Óskar með spurningu til Atla stjórnarformanns sjóðsins er varðaði sjóðfélagalán. Í máli Óskars kom m.a. fram að lífeyrisjóðir almennt væru að veita sjóðfélagalán, þá hefðu samtök lífeyrisjóða m.a. ályktað um að slík lán væru sjóðum mikilvæg. Þá nefndi Óskar að honum þætti skjóta skökku við að íslenski lífeyrissjóðurinn meti það sem svo að lán af þessu tagi væru ekki hagstæð fyrir sjóðfélaga. Bað Óskar um nánari skýringar á afstöðu sjóðsins til þessa.

Þá spurði Óskar um sjóðstreymi í ársreikningi. Í máli Óskars kom m.a. fram að Íslenski lífeyris-

sjóðurinn væri um 60 milljarða sjóður og þegar litið væri til fjárfestingarhreyfinga t.d. hreyfingar á skuldabréfum milli ára þá mætti greina nokkuð miklar hreyfingar. Nefndi Óskar að fjárfestingarstefnurnar væru nokkuð vel skilgreindar og sjóðurinn langtímafjárfestir í eðli sínu og því þætti honum þetta einkennilegt. Bað Óskar um skýringar á þessu.

Atli Atlason, stjórnarformaður sjóðsins, tók til máls. Í máli Atla kom m.a. fram að undanfarin ár hefði sjóðurinn haldið reglulega stefnumótunarfundi þar sem m.a. hefði verið rætt um það hvernig sjóðurinn gæti best sinnt sjóðfélögum og í því sambandi hefur verið rætt um það hvort sjóðurinn eigi að bjóða upp á sjóðfélagalán eða ekki. Sjóðurinn hefur ekki talið tímabært að bjóða upp á sjóðfélagalán og hefur ekki orðið var við eftirspurn frá sjóðfélögum. Þá er rétt að nefna að það þarf að huga að eftirspurn sjóðfélaga eftir slíkum lánum með hliðsjón af kostnaði, umsýslu og hagkvæmni slíkra lána. Við munum áfram skoða þetta og hvort það sé raunhæfur kostur fyrir íslenska lífeyrissjóðinn að bjóða upp á sjóðfélagalán og ég mun líta á þessa fyrirspurn frá þér Óskar sem eftirspurn, sem er vel. Atli þakkaði fyrir sig.

Halldór Kristinsson tók til máls varðandi spurningu Óskars um sjóðstreymi. Í máli Halldórs kom m.a. fram að við stýringu eigna sjóðsins hefði það verið metið sem svo að það þyrfti að velta skuldabréfaeign sjóðsins til að ná árangri og ávöxtun sjóðsins er með ágætum eftir þóknunir. Þá nefndi Halldór að það hefðu verið umbreytingartímar á skuldabréfamarkaði og færði sjóðurinn sig m.a. úr verðtryggðum skuldabréfum yfir í óverðtryggð á tímabilinu. Þetta gerði sjóðurinn til að ná betri árangri, annars yrði þetta ekki gert. Þá nefndi Halldór í sambandi við fyrirspurn Óskars um sjóðfélagalán að slíkar eignir væru í eðli sínu óseljanlegar eignir og gætu því aðeins farið inn í samtryggingardeild Íslenska lífeyrissjóðsins en sú deild væri með um 10 milljarða króna sjóð. Taldi Halldór raunhæft að af þeim sjóð yrði þá ekki hægt að lána fyrir hærri fjárhæð en um tvo milljarða og ef eftirspurn væri mikil þá yrðu þeir fljótir að klárast.

Óskar tók þá aftur til máls úr sæti sínu og spurði hvort starfsmenn Landsbankans hf. væru vanhæfir til að fjalla um sjóðfélagalán sem samkeppnisaðili á lánamarkaði.

Halldór svaraði og sagðist vera sjóðstjóri en ekki í lánamálum hjá Landsbankanum hf. Þá bætti Halldór við varðandi sjóðfélagalánin að þegar litið væri til markaðarins mætti greina að aðrir sjóðir væru að

takmarka sjóðfélagalán vegna hækkandi fasteigna-verðs. Í máli Halldórs kom fram að það væri hans mat að þetta væri viðvörunarmerki sem skynsamlegt væri að hafa í huga við mat á því hvort Íslenski lífeyrissjóðurinn ætti að ráðast í að bjóða slík lán. Þá varðandi úttekt Viðskiptablaðsins þá er þetta eitt-hvað sem hefur verið rætt en Viðskiptablaðið hefði byggt sína umfjöllun á nýjum kennitölum sem væru í skoðun.

Ólafur Páll Gunnarsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, tók til máls. Ólafur vék máli sínu fyrst að sjóðfélagalánnum og í máli hans kom m.a. fram að Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf Landsbankans hf. væri í daglegum samskiptum við sjóðfélaga Íslenska lífeyrissjóðsins og staðreyndin væri sú að sárafaár fyrirspurnir hefðu borist um sjóðfélagalán. Þá nefndi Ólafur að veruleikinn væri sá að hinn almenni launamaður ætti oft réttindi í öðrum sjóðum sem margir hverjir kynnu að hafa ansi gott aðgengi að sjóðfélagalánnum, en það kynni t.d. að vera ein skýring á því af hverju eftirspurn eftir slíkum lánum hjá Íslenska lífeyrissjóðnum hefði verið þetta dræm. Þá nefndi Ólafur að sjóðurinn hefði ekki fundið fyrir óánægju með þetta fyrirkomulag frá sjóðfélögum. Sjóðurinn væri í raun ekki stór m.v. aðra sjóði, ca. 60 milljarða króna sjóður samanborið við aðra sjóði sem væru á bilinu 500 – 600 milljarðar króna, en hann væri í örum vexti.

Að lokum nefndi Ólafur að Íslenski lífeyrissjóðurinn væri sjálfstæður lífeyrissjóður og stjórn sjóðsins samanstæði af fimm stjórnarmönnum, fjórum skipuðum af sjóðfélögum og einum af Landsbankanum hf. Það væri því algerlega í hendi stjórnarmanna skipuðum af sjóðfélögum að taka ákvarðanir um málefni sjóðsins á faglegum grundvelli.

Atli Atlason tók til máls. Í máli Atla kom m.a. fram varðandi tölur um rekstrarkostnað sem birtust í Viðskiptablaðinu að árið 2013 hefði sjóðurinn endursamið við Landsbankann hf. sem leiddi til hagfelldari niðurstöðu fyrir sjóðfélaga. Þá hefði meirihluti stjórnar, sem óháð væri Landsbankanum hf. þegar hafið viðræður við Landsbankann hf. um rekstrarkostnað og að það myndi væntanlega skýrast á næstu misserum hvernig þær viðræður myndu fara. Í máli Atla kom m.a. fram að hann ætti ekki von á öðru en að það myndi ganga vel, enda hefði samstarfið gengið mjög vel eins og sjá mætti á fjölgun sjóðfélaga.

Fundarstjóri kvað orðið vera laust. Enginn kvað sér máls og var því farið í næsta dagskrárlið.

5. Kosning aðal- og varamanna í stjórn

Fundarstjóri kynnti fyrirkomulag kosninga til stjórnar. Samkvæmt samþykktum Íslenska lífeyris-sjóðsins er stjórn sjóðsins skipuð fimm mönnum, fjórum kosnum af sjóðfélögum og einum skipuðum af bankaráði Landsbankans hf. Í varastjórn eru þrír menn, tveir kosnir af sjóðfélögum og einn skipaður af Landsbankanum. Að þessu sinni verður kosið um tvo aðalmenn og einn varamann. Framboðum aðalmanna bar að skila inn til stjórnar viku fyrir ársfund.

Í framboði sem aðalmenn í stjórn voru:

Atli Atlason.
Þórir Óskarsson.

Engin annar hafði boðið sig fram og því voru þeir sjálf- og réttkjörnir til setu í stjórn sjóðsins.

Í framboði sem varamaður í stjórn var::

Þorsteinn Fr. Sigurðsson.

Fundarstjóri lýsti eftir fleiri framboðum til varamanna sjóðsins. Engin fleiri framboð bárust og því var Þorsteinn sjálfkjörinn varamaður.

Fulltrúar Landsbankans hf. voru skipaðir til tveggja ára fyrir tveimur árum og rennur skipunartími þeirra út í ár. Fulltrúi Landsbankans hf. í stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins er Una Eyþórsdóttir. Hennar varamaður er Guðríður Sigurðardóttir. Landsbankinn hf. hefur ákveðið að skipa þær að nýju til tveggja ára.

Fundarstjóri kvað orðið laust um þennan lið. Enginn kvað sér hljóðs.

6. Kosning endurskoðanda

Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins leggur til, að fenginni tillögu endurskoðunarnefndar sjóðsins, að endurskoðandi sjóðsins árið 2017 verði Rýni endurskoðun, Suðurlandsbraut 18. Ekki var gerð athugasemd af fundarmönnum.

Fundarmenn samþykktu tillögu stjórnar og lýsti fundarstjóri Rýni endurskoðun, Suðurlandsbraut 18 því réttkjörinn endurskoðanda Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir árið 2017.

7. Tillögur um breytingar á samþykktum

Tillögur til breytinga á samþykktum þurfa að berast stjórn sjóðsins með skriflegum hætti tveimur vikum fyrir ársfund. Engar tillögur bárust.

8. Laun stjórnarmanna

Gerð var grein fyrir tillögu að launum stjórnar. Hljóðar hún svo:

Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins leggur til að stjórnarlaun verði 90.000 krónur á mánuði, tvöfalt fyrir stjórnarformann og ein og hálf stjórnarlaun fyrir varaformann. Varamenn fá greiddar 38.000 fyrir hvern setinn stjórnarfund auk 52.000 króna til viðbótar fyrir hvern fund sem þeir eru boðaðir á í forföllum stjórnarmanns. Mánaðarleg þóknun til varamanns

skal aldrei vera hærri en sem svarar til launa stjórnarmannanna.

Tillagan felur í sér 5% hækkun sem er í takt við hækkun á launavísitölu.

Fundarstjóri gaf orðið laust undir þessum lið. Enginn kvað sér máls.

Tillagan var samþykkt samhljóma af fundarmönnum.

9. Önnur mál

Fundarstjóri kvað orðið laust. Enginn bað um orðið.

Fundarstjóri og fundarritari fengu umboð fundar til að ganga frá fundargerð.

Fundarstjóri gaf því stjórnarformanni orðið. Hann þakkaði stjórn og starfsmönnum fyrir samstarfið á

árinu og sagði fundi slitið um kl. 18:00. Stjórnarformaður þakkaði Halldóri Kristinssyni fyrir sérstaklega gott samstarf á liðnum árum og óskaði honum velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Sjóðfélagar á fundi voru 20 og vægi atkvæða 0,22%.

